

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur látið reikna breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1995 er 199,1 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi **194.400 kr.**
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 190.900 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglug. nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi **5.840 kr.**
Frá janúar 1994 var þessi fjárhæð 5.730 kr.
- C. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum.
Í stað 600.000 kr. komi **1.166.600 kr.**
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 1.145.500 kr.
- D. 1. mgr. 5. gr. reglug. nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi **680.500 kr.**
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 668.200 kr.
- E. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglug. nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi **777.800 kr.**
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 763.700 kr.

Reykjavík, 31. desember 1994.

Gardar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1995.

1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta sorphirðugjald kr. 3.000, vegna förgunar neyslu-úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu fyrir árið 1995.